



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)



Samantekt, **febrúar 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, [www.sfk.is](http://www.sfk.is)

*Vatnstjón í Herðubreið* – í byrjun mánaðar varð töluvert vatnstjón í Herðubreið. Búið er að rífa upp gólfið í matsalnum og gekk það vel. Matsalur nemenda var fluttur á 2. hæð íþróttamiðstöðvar og verður þar fram til vors. Einnig lak vatn niður í líkamsræktina. Verkið er í vinnslu.

*Frábær þátttaka í blóðsykurmælingu Lions* - rúmlega 100 manns mættu í blóðsykurmælingu hjá Lions og starfsfólki HSA. Heilsueflandi samfélag á Seyðisfirði er í stöðugri sókn.

*Krakkablak* - 3. flokkur vann sér inn rétt til að spila úrslitaleik um Bikarmeistaratitilinn gegn KA. Sá leikur fer fram helgina 10. og 11. mars í Digranesi.

*LungA Skólinn* - eini lýðháskólinn á Íslandi, er tilnefndur til Eyrarrósarinnar. Eyrarrósinn verður afhent 1. mars nk. í Neskaupsstað.

*List í ljósi* - frábærlega vel heppnuð helgi. Fyrsta sinn sem heppnast, veðurfarslega, að hafa hátíðina heila helgi. Fjöldi gesta heimsótti bæinn yfir helgina.

*Hæstu styrkir í Uppbyggingarsjóði* - Skaftfell og LungA hátíðin hlutu hæstu styrkina í Uppbyggingarsjóði Austurlands, rúmar 12 milljónir komu í styrkformi á Seyðisfjörð, til hinna ýmsu verkefna.

*Viskubrunnur byrjaði 20. febrúar*

*Afsláttur á fasteignaskatti* - opnað var fyrir umsóknir um afslátt og/eða niðurfellingu á fasteignaskatti. Sótt er um á vefsíðu kaupstaðarins.

## **Sveitarstjórnarmál**

### ***Kjördæmavika***

Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri áttu fund með þingmönnum kjördæmisins 12.02.18. Á fundinum var farið yfir helstu hagsmunamál Seyðfirðinga og bar samgöngumál og Fjarðarheiðargöng þar hæst. Eins og venja hefur verið kom fram mikill og eindreginn stuðningur í þingmannahópnum við Fjarðarheiðargöng. Á fundinum kom jafnframt fram að lögð verður áhersla á að samþætta fjármála- og samgönguáætlun og að fjármálaáætlun styðji við áherslur stjórnvalda í hinum ýmsu málaflokkum ekki síst hvað samgöngumál varðar.

### ***Skilyrði fyrir styrkveitingum Seyðisfjarðarkaupstaðar***

Bæjarstjórn samþykkti á fundi 14.02.18 að skilyrða fjárveitingar, til Íþróttafélaga og þeirra sem bjóða upp á tómstundaiðkun fyrir börn og unglunga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi. Einnig skulu þeir sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi sínu og að aðgerðaráætlun sé skýr. Hafi félag ekki gert jafnréttisáætlun með aðgerðaráætlun skal það gert. Seyðisfjarðarkaupstaður hefur eftirlit með því að fyrrgreind atriði séu uppfyllt við greiðslu styrkja. Miðað verður við að þegar tekið verður á mótí umsóknum frá Íþróttafélögum og þeim sem bjóða upp á tómstundaiðkun fyrir börn og unglunga fyrir árið 2019 verði skilyrðunum fylgt eftir.

## *Stefnumótun*

Á vegum atvinnu- og framtíðarmálanefndar er nú framhaldið vinnu við stefnumótunarverkefni hjá Seyðisfjarðarkaupstað sem hófst 2012 og er miðað við út komi bráðabirgðaskýrsla með vorinu. Dagný Erla Ómarsdóttir er verkefnastjóri verkefnisins en stefnt er að því að skýrslan komi síðan til umfjöllunar bæjarstjórnar við umfjöllun um aðalskipulag eins og lög gera ráð fyrir að fram fari að loknum kosningum. Þess má geta að bæjarstjórn hefur vísað drögum að stefnuskjali fyrir lýðræðisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar inn í vinnu við framangreinda heildarstefnumótun.

## *Vatnsveita*

Seyðisfjarðarkaupstað barst undir lok janúar skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands um eftirlit með vatnsveitu kaupstaðarins. Í skýrslunni kemur fram að vatnsveitan sé vel rekin, neysluvatn standist alla kvarða samkvæmt niðurstöðu árlegrar heildarúttektar 2017 og að dagbók sé haldin um viðhaldsverkefni. Í skýrslunni kemur einnig fram að skerpa þurfi á innra eftirliti og viðbragðsáætlun og vinnur bæjarverkstjóri að úrbótum.

## *„Sænska módelið.*

Bæjarstjórn samþykkti á fundi 14.02.18 að Seyðisfjarðarkaupstaður verði aðili að verkefninu „Sænska módelið“ sem verður á vegum félagsþjónustunnar.

Með innleiðingu sænska módelisins er stefnt að því að bæta uppeldisskilyrði barna í þeim sveitarfélögum er heyra undir félagsþjónustu Fljótshéraðs, um leið og leik- og grunnskólar svæðisins fá betri tæki, tól og stuðning við vinnslu í málefnum nemenda og fjölskyldna þeirra er þurfa stuðning. Aðferðin verður tvinnuð inn í fjölskyldustefnu þar sem leitast er við að skapa blómlegt samfélag með áherslu á þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og unglinga með lausnamiðaðri og faglegri nálgun og stuðningi. Snemmtæk inngríp hafa

forvarnargildi þegar litið er til þess að leitast er við að taka á vanda barna og fjölskyldan, áður en vandinn verður meiri og skaðlegri.